

## T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um  
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007  
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af biskupi Íslands  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:  
Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala-, Kolfreyjustaðar- og Norðfjarðarprestaköll,  
Austurlandsprófastsdæmi, sameinist.

### 2. gr.

Sameining öðlist gildi við starfslok sóknarpresta.

### 3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

### *Athugasemdir við tillögu þessa*

Tillaga þessi er flutt ásamt fimm öðrum tillögum á kirkjuþingi 2018 um sameiningu prestakalla víða á landinu. Verði tillaga þessi samþykkt er gert ráð fyrir að sameinuðu prestakalli verði þjónað af sóknarpresti og fjórum prestum. Sami fjöldi presta verði því á svæðinu eins og nú er, eftir sameiningu.

Ekki er gert ráð fyrir sameiningu sókna í framangreindum prestaköllum, enda almennt litið svo á að frumkvæði að því komi frá sóknarmönnum. Engin breyting er lögð til hvað varðar prestssetur prestkallanna og haldast þau því óbreytt á Búðum í Fáskrúðsfirði, í Heydölum og á Djúpavogi. Búið var á kirkjuþingi 2011 að leggja niður prestssetur á Norðfirði og á Eskifirði og kemur sú niðurlagning til framkvæmda við starfslok hlutaðeigandi sóknarpresta.

Ekki er gert ráð fyrir sameiningu sókna í framangreindum prestaköllum, enda almennt litið svo á að frumkvæði að því komi frá sóknarmönnum.

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 skal gefa safnaðarfundum (þarf ekki að vera aðalsafnaðarfundur) og héraðsfundi kost á að veita umsögn um framangreinda tillögu. Umsagnir skulu sendar biskupafundi sem fer yfir þær og býr síðan málið til kirkjuþings. Í samræmi við þetta var sóknarnefndum, sóknarprestum og prestum ásamt héraðsnefnd Austurlandsprófastsdæmis send til umsagnar tillaga þessi með bréfi, dags. 20. júlí 2018.

Tillögugerð þessi er hluti af stefnu biskupafundar um nýskipan prestakalla á landsvísu sem unnið hefur verið að. Felst í þeirri stefnu að horfið verði frá einmenningsprestaköllum, þar

sem því verður við komið. Í hverju prestakalli verði sóknarprestur og prestur að lágmarki og fleiri prestar ef þurfa þykir vegna mannfjölda eða aðstæðna. Stefna þessi er í samræmi við þróun mála undanfarin ár. Má t.d. nefna í því sambandi að fjögur prestaköll á Austurlandi hafa á undanförunum árum verið sameinuð í eitt Egilsstaðaprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna kallinu, Möðruvalla- og Dalvíkurprestaköll á Norðurlandi hafa verið sameinuð í eitt prestakall, Dalvíkurprestakall, þar sem sóknarprestur og prestur þjóna kallinu og Fellaprestakall og Hólaprestakall í Reykjavík sömuleiðis sameinuð í eitt prestakall Fella- og Hólaprestakall þar sem sóknarprestur og prestur þjóna kallinu.

Íbúafjöldi sókna Djúpavogsprestakalls þann 1. janúar 2018, var sem hér segir:

Berufjarðarsókn 29

Berunessókn 24

Djúpavogssókn 380

Hofssókn í Álftafirði 28

**Samtals 461**

Íbúafjöldi sókna Eskifjarðarprestakalls þann 1. janúar 2018, var sem hér segir:

Eskifjarðarsókn 1.020

Reyðarfjarðarsókn 1.275

**Samtals 2.295**

Íbúafjöldi sókna Heydalaprestakalls þann 1. janúar 2018, var sem hér segir:

Heydalasókn 183

Stöðvarfjarðarsókn 184

**Samtals 367**

Íbúafjöldi Kolfreyjustaðarsóknar, Kolfreyjustaðarprestakalli, þann 1. janúar 2018, var sem hér segir:

**Samtals 759**

Íbúafjöldi sókna Norðfjarðarprestakalls þann 1. janúar 2018, var sem hér segir:

Brekkusókn 14

Norðfjarðarsókn 1.506

**Samtals 1.520**

**Íbúafjöldi samtals í Austfjarðaprestakalli 5.402.**

Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við samþykkt tillögu þessarar.

Fylgiskjöl með tillögu þessari eru:

1. Greinargerð; “**Nýskipan prestakalla**“. Skjalið er birt í 5. máli kirkjuþings 2018
2. Yfirlit yfir laun í sameinuðum prestaköllum. Skjalið er birt í 5. máli kirkjuþings 2018
3. Umsögn sóknarfólks og presta á Austurlandi þann 10. október 2018.